



## UMSÖGN skipulagsfulltrúa

### Eiríksgata 29 - Byggingarleyfisumsókn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. ágúst 2024 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. júlí 2024 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta fjóra gististaði í flokki II, teg c, minna gistiheimili, eitt á hverri hæð, fyrir samtals 28 gesti í fjölbýlishúsi á lóð nr. 29 við Eiríksgötu. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. ágúst 2024.




AR2040



Loftmynd, júlí 2023



Afstöðumynd og snið B-B skv. uppdráttum dags. 11.07.2024



### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, AR2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun er Eiríksgata 29 íbúabyggð (ÍB12). Eiríksgata er jafnframt aðalgata íbúðabyggðar. Lóðin er innan Hverfisverndarsvæðis Hringbrautar (HV).

Deiliskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir götueitinn sem lóð Eiríksgötu nr. 29 tilheyrir.

### Umsögn

Húsnæðið var innréttað undir hluta af skrifstofum Landspítalans. Æskilegt er að húsnæðið verði nýtt undir íbúðir enda íbúðahluti og húsið á íbúðarsvæði.

Sótt var um byggingarleyfi fyrir innréttingu gististaða í húsinu áður en breyting á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald tók gildi 22. maí sl., en sú breyting kveður á um að rekstrarleyfis skyld gististarfsemi innan þéttbýlis skuli vera í samþykktu atvinnuhúsnæði, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Lagabreytingin hefur ekki áhrif á leyfisumsóknina.

**Niðurstaða:** Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið.